

rétt að fullordinsárin séu æfinlega hjá öllum einkend af staðfestu og varúðarsfullri afstöðu gagnvart hverju og einu utanaðkomandi. Fjölda margt fólk er hrein og bein undantekning frá þessu. Sumir mienn lifa í raun og veru enga æsku, þeir eru orðnir gamli, ír strax og þeir komast af barnsaldrinum; en aðrir eru síungir þó þeir lífi sjötíu eða áttatiu ár.

Almenningi haettir mjög við, að kenna upplaginu um fjölda margt, bæði ilt og gott, í fari manna. En þegar vel er að gáð, er auðsætt, að upplagið skapar ekki manninn nema að hálfu leyti. Uppeldi og áhrif á æskuárnum leggja sinn skerf til; og sá skerfur er mjög þýðingarmikill. Það, hvort maðurinn í raun og veru lifir nokkurn tíma æsku, eða hvort hann færist alt í einu af barnsaldrinum yfir á fullordins árin, er meira undir uppeldi og áhrifum komið en upplagi í flestum tilfellum.

Líkamlegur þroski fylgir náttúrlega sínum vissu lögum í flestum tilfellum, og þó rétt uppeldi geti haft mikil áhrif á hann, þá samt sem áður verður honum ekki breytt til muna, hvorki flýtt eða seinkað svo það sé takandi til greina. En það eru ekki þroskastig líkamans, sem afmarka æskuna; hún er fremur sálar-ástand, sem hefir ekki samsvarandi ytri einkenni.

Hin stærsta breyting, sem veður í lífi hvers einstaklings er það, er hann vaknar til meðvitundar um lífið og sjálfan sig. Barnið hefir enga verulega hugmynd um heiminn umhverfis sig, sem eitthvað í skarpri mótssetningu við sjálst sig; það byrjar á því að biðja um tunglið fyrir leikfang og löngu eftir að það er búið að fá réttan skilning á fjarlægð er heimurinn þó í huga þess eitthvað, sem er til fyrir það sjálst. Sjálfsméðvitund þess er einnig lítt þroskuð. Af þessu leiðir að breytingin í hugsunarhætti og afstöðum verður svo mikil, þegar meðvitundin um eigin persónuleika í mótssetningu við alt annað ryður sér til rúms í sálunni; þá færst maðurinn af barnsaldrinum yfir á hin eiginlegu æskuár.

Þegar þessi mikla breyting verður, þá er eðlilegast að hugurinn sé eins og opinn fyrir öllu og hafi sjálfraði til að velja og aðhyllast eftir geðþótta hvers einstaklings. Að eins þarf hann að vera svo undirbúinn, að hann þekki hvað er skaðlegt fyrir